BOTTOMLESS BRUNCH
FÖS-SUN
12:00-16:30
PUBLIC HOUSE

Björt
RAGNHEIÐUR GESTSDÓTTIR
BLIND
TÝNDUR
FARANGUR
„Lögreglan í Reykjavík lýsir eftir Einari Starra Ólafssyni, sjö ára.“
NÝJASTI KRIMMI RAGNHEIÐAR GESTSDÓTTUR

Aðsendar greinar

mannréttindi

Róhingjar á flótta – Kjarni vandans

Melkorka Mjöll Kristinsdóttir skrifar um bága stöðu Róhingja, minnihlutahóps í Mjanmar, sem eru í raun ríkisfangslausir í eigin landi. Eftir nýliðna atburði standa þeir enn verr að vígi.

Deila
Post
Styrkja

Melkorka Mjöll Kristinsdóttir

3. desember 2017

Það er ekki að ástæðulausu að Róhingjar hafa lengi verið nefndir mest ofsótti minnihlutahópur heims. Í þessari grein verður leitast við að varpa ljósi á kjarna vandans og þær lausnir sem ríki, samtök fullvalda ríkja og frjáls félagasamtök þurfa að sameinast um og fylgja eftir á komandi misserum.

Lengi hefur mikil spenna einkennt samskipti Róhingja sem eru minnihlutahópur í Mjanmar og búddista sem eru meirihluti landsmanna. Hundruð þúsunda Róhingja hafa flúið til nágrannaríkja Mjanmar (áður Búrma) áratugum saman. Steininn tók úr árið 1982, þegar ný löggjöf var samþykkt þar sem Róhingjar eru ekki viðurkenndir sem þjóðarbrot í landinu. Þessi lög gerðu Róhingja í raun ríkisfangslausa. Í ágúst síðastliðnum náði vandi þeirra svo nýjum hæðum eftir að sveit herskárra Róhingja réðist gegn tugum varðstöðva í Mjanmar og drápu tólf meðlimi öryggissveita. Herinn brást við án þess að gera greinarmun á uppreisnarmönnum og almennum borgurum. Þorp Róhingja voru sum hver brennd til grunna og hundruðir Róhingja drepnir. Um 600.000 Róhingjar flúðu í kjölfarið til nágrannaríkisins Bangladess sem er eitt fátækasta ríki heims. Þar búa þeir nú við slæman kost í flóttamannabúðum.

Umfang vandans

Aleksandar Knezevic, einn af sendifulltrúum Rauða krossins á Íslandi í Bangladess sagði nýverið að ástandið í flóttamannabúðunum sé það versta sem hann hafi séð, en hann á að baki langan feril fyrir Rauða krossinn. Zeid Ra-ad al-Hussein, yfirmaður Mannréttindastofnunar Sameinuðu þjóðanna hefur kallað ástandið „kennslubókardæmi um þjóðernishreinsun.“ Filippo Grandi, flóttamannafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, sem heimsótti flóttamannabúðirnar síðustu helgi (25.-26. nóv.), sagði neyðina vera mikla og að þangað til stjórnvöld í Mjanmar finni pólitíska lausn verði að tryggja aukna neyðaraðstoð inn á svæðið. Í samræmi við orð flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna má skipta vandanum í tvennt: Annars vegar vantar hjálparsamtök meiri fjármuni til að hafa burði til að sinna tímabundinni neyðaraðstoð fyrir svangt og veikt fólk í flóttamannabúðunum og byggja aftur upp þorp Róhingja. Hins vegar þarf pólitíska langtíma lausn í Mjanmar. Nánar tiltekið þurfa Róhingjar að öðlast ríkisborgararéttindi í landinu.

AUGLÝSING

Hvað merkir það að vera ríkisfangslaus?

Í Samningi um réttarstöðu ríkisfangslausra manna kemur fram að ríkisfangslaust fólk sé ekki ríkisborgarar í neinu ríki. Ríkisfangsleysi eða það að vera „í raun“ ríkisfangslaus (effectively stateless) er nú skilgreint sem sú staða að hafa engin lagaleg réttindi né skyldur. Fræðimenn í þjóðarétti hafa sumir talið réttinn til ríkisfangs vera undirstöðuréttindi, vegna þess að sá réttur sé í raun réttur til að hafa réttindi. Áætlað er að um tíu milljónir manna séu ríkisfangslausir í dag með skelfilegum afleiðingum fyrir afkomu þeirra, réttindi og reisn. Til dæmis skortir ríkisfangslaust fólk almennt lagalega auðkenningu sem gerir fólki erfitt um vik að ferðast á milli landa, ganga í löglegan hjúskap, stofna fyrirtæki og fá vinnu. Þá fylgir ríkisfangsleysi venjulega ófullnægjandi aðgangur að heilsugæslu og skólum.

Ein af afleiðingum ríkisfangsleysis Róhingja í áranna rás hefur einmitt verið að þeir hafa búið við mikla fátækt og félagslegt óöryggi. Þá hefur veik staða Róhingja verði misnotuð af vinnuveitendum sem sjá sér leik á borði að ráða þá í svarta vinnu á verri kjörum. Róhingjar hafa því oft á tíðum neyðst til að vinna illa launaða skammtímavinnu. Þá hafa Róhingjar átt sífellt erfiðara með að fá aðgang að heilbrigðisþjónustu og húsnæði og börnum þeirra hefur endurtekið verið vikið frá skólum. Síðast en ekki síst hafa borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi þeirra verið fótum troðin, til dæmis með því að stjórnvöld hafa stundað að hneppa Róhingja í varðhald án dóms og laga.

Varnarleysi ríkisfangslauss fólks kom berlega fram í seinni heimsstyrjöldinni þegar ríkisstjórn nasista svipti alla gyðinga á sínu yfirráðasvæði ríkisborgararétti og gerði þar með ómögulegt fyrir nokkurt ríki að kanna aðstæður þeirra og afdrif eða koma þeim til hjálpar. Stuttu eftir heimsstyrjöldina eða árið 1950 var Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna stofnsett. Stofnunin er eina ígildi stjórnvalds sem tekur einhverja ábyrgð á ríkisfangslausu fólki.

Ríkisfang er forsenda virkra mannréttinda

Á átjándu öld þróaðist hugmyndin um mannréttindi. Réttindi einstaklinga voru þá merkt þeim sjálfum, sem fæðingarréttur hvers einstaklings. Í lok átjándu aldar fór þessi nýja hugsun að endurspeglast í lögum ríkja. Hugmyndin varð ein af forsendum þess að alþjóðasamfélagið gat farið að setja einhverjar hömlur á meðferð ríkja á eigin þegnum. Utan við þetta kerfi er hins vegar ríkisfangslaust fólk. Til dæmis reyndust mannréttindi ríkisfangslausra gyðinga þeim gagnslaus þar sem þeir sátu í þrælkunar- og fangabúðum, vegna þess að engri ríkisstjórn bar að veita þau né verja. Þetta vissu stjórnvöld í Þýskalandi nasismans og sviftu gyðinga því ríkisborgararétti áður en þeim var safnað saman í slíkar búðir. Það hefur takmarkað gildi að hafa réttindi ef enginn hefur skyldu til að veita þau.

Þrátt fyrir að 15. grein Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna (MSÞ) verji rétt allra til ríkisfangs gengur enginn samningur Sameinuðu þjóðanna svo langt að skylda ríki til að veita fólki ríkisborgararétt. Eftirlitsaðilar nota helst þá aðferð að fylgjast með og eftir atvikum hvetja aðildarríki til dáða við að að draga úr afleiðingum ríkisfangsleysis og koma í veg fyrir það. Alþjóðalög og fullveldi ríkja eru hér í mótsögn því ekkert yfirþjóðlegt vald getur tryggt framkvæmdina og neytt fullvalda ríki til að taka við einstaklingum sem sínum borgurum. Sumir fræðimenn líta svo á að ofangreint ákvæði MSÞ sé því meira í ætt við stefnuyfirlýsingu. Þó má benda á að sum ríki standa vel á bak við alþjóðlegar skuldbindingar sínar. Stjórnvöld í Sri Lanka og Indonesíu samþykktu til að mynda lög sem veittu stórum hópi fólks ríkisborgararéttindi á einu bretti. Í fyrra tilvikinu var um að ræða Tamil fólkið og hinu síðara fólk af kínversku þjóðerni. Hið sama getur gerst fyrir Róhingja í Mjanmar.

Neyðaraðstoð

Á meðan unnið er að pólitískri lausn og Róhingjar hafa ekki ríkisborgararéttindi þarf að tryggja tiltekin grunn réttindi og öryggi óbreyttra borgara með öðrum hætti. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur tekið ákveðna ábyrgð á ríkisfangslausu fólki. Það hafa frjáls félagasamtök einnig gert í einhverjum mæli. Þess vegna leita nú samtök á borð við Rauða krossinn til almennra borgara til að styrkja verkefni á vettvangi. Rauði krossinn hefur reynst afar skilvirkur í slíkum verkefnum um allan heim. Eitt af grundvallar gildum Rauða krossins er að taka ekki afstöðu til stjórnmála til að geta haldið opnu samtali við stjórnvöld og stríðandi fylkingar hvar sem er og til að fá aðgang að stríðshrjáðum svæðum, flóttamannabúðum og öðrum stöðum þar sem neyð fólks er mikil. Þannig hafa samtökin oft á tíðum náð að koma brýnustu nauðsynjum og læknisaðstoð til almennra borgara, á meðan vonast er til að hið pólitíska svið leiti langtíma lausna.

Mannvinir Rauða krossins hafa gert störf íslenskra sendiboða í flóttamannabúðunum í Bangladess möguleg undanfarna mánuði. Til að mynda starfa nokkrir íslenskri hjúkrunarfræðingar þar í tjaldsjúkrahúsi í samstarfi við norska og finnska Rauða krossinn, aðrir starfa við matarúthlutun og fleiri brýn verkefni. Annast þarf örmagna, veikt og vannært fólk og áætlað er að á milli þrjú og fjögur þúsund börn þurfi tafarlausa meðhöndlun vegna alvarlegrar vannæringar. Þá þurfa um þúsund börn sérstaka vernd eftir að hafa orðið viðskila við fjölskyldur sínar.

Tuttugasta og þriðja nóvember síðastliðinn bárust fréttir af því að samkomulag hefði náðst milli Aung San Suu Kyi, leiðtoga Mjanmar og Abul Hassan Mahmud Ali utanríkisráðherra Bangladess um að Róhingjar fengju að snúa aftur heim innan tveggja mánaða. Það gæti þó tekið mánuði eða ár að flytja allt fólkið til baka og byggja aftur upp þau þorp sem brennd hafa verið til grunna. Þangað til mun fólkið halda til í flóttamannabúðunum. Rauði krossinn mun því um óákveðinn tíma leitast við að fjármagna neyðaraðstoð á svæðinu.

Grunnur bágrar stöðu Róhingja er ríkisfangsleysi þeirra. Án ríkisfangs eru þeir í raun réttindalausir. Vinnuveitendur og aðrir hafa misnotað veika stöðu þeirra. Mikil spenna hefur því einkennt samskipti Róhingja og annarra íbúa Mjanmar. Upp úr sauð í ágúst síðastliðnum. Í kjölfarið flúðu hundruð þúsunda Róhingja til Bangladess. Á meðan vonast er eftir að tekið verði á rót vandans er nauðsynlegt að hið borgaralega samfélag sýni ábyrgð og styrki samtök sem eru með fólk á vettvangi. Fyrirséð er að það taki mánuði eða ár að vinda ofan af hinu tímabundna ástandi. Hægt er að leggja neyðarsöfnun Rauða krossins á Íslandi lið með því að senda sms-ið TAKK í númerið 1900 og styrkja þannig söfnunina um 1900 kr. Þá er einnig hægt að nota Kass appið með því að nota KassTag-ið takk@raudikrossinn eða leggja inn á reikning 0342-26-12, kt. 530269-2649.

Melkorka Mjöll Kristinsdóttir er meistaranemi í hnattrænum tengslum og sjálfboðaliði fyrir Rauða krossinn á Íslandi.

Við þurfum á þínu framlagi að halda

Þú getur tekið beinan þátt í að halda úti öflugum fjölmiðli.

Við sem vinnum á ritstjórn Kjarnans viljum hvetja þig til að vera með okkur í liði og leggja okkar góða fjölmiðli til mánaðarlegt framlag svo við getum haldið áfram að vinna fyrir lesendur, fyrir fólkið í landinu.

Kjarninn varð níu ára í sumar. Þegar hann hóf að taka við frjálsum framlögum þá varð slagorðið „Frjáls fjölmiðill fyrir andvirði kaffibolla“ til og lesendur voru hvattir til að leggja fram í það minnsta upphæð eins kaffibolla á mánuði.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þeim níu árum sem Kjarninn hefur lifað. Í huga okkar á Kjarnanum hefur þörfin fyrir fjölmiðla sem veita raunverulegt aðhald og taka hlutverk sitt alvarlega aukist til muna.

Við trúum því að Kjarninn skipti máli fyrir samfélagið.

Við trúum því að sjálfstæð og vönduð blaðamennska skipti máli.

Ef þú trúir því sama þá endilega hugsaðu hvort Kjarninn er ekki allavega nokkurra kaffibolla virði á mánuði.

Vertu með okkur í liði. Þitt framlag skiptir máli.



Ritstjórn Kjarnans: Sunna Ósk Logadóttir, Þórður Snær Júlíusson, Erla María Markúsdóttir, Arnar Þór Ingólfsson, Eyrún Magnúsdóttir og Grétar Þór Sigurðsson.

Já takk, ég vil styrkja Kjarnann!

Færslan birtist fyrst: *3. desember 2017, kl. 15:00*

Orðafjöldi: 1437

Styrkja Deila Post

AUGLÝSING

LYDFLAT.IS
SÆKTU UM NÚNA!
TIL ÞESS AÐ FINNA ÚT HVAÐ ÞÚ VILT GERA

Vinsælast í dag

1 Fimm ráð til að verjast lúsmýi og fimm ráð við bitum
2 Skattfrjálsar úttektir lífeyris í Portúgal leiddu til skoðunar ráðuneytis
3 Konungleg langtímafýla
4 „Nýja snjóhengjan“: Hundruð milljarða skuldir færast senn af sögulega lágum vöxtum
5 Efast um gildi aldurstakmarks og þungra refsinga við ölvun á rafskútum
6 Hagnaður sjávarútvegs þrefaldaðist milli ára en afkoma tæknifyrirtækja breyttist lítið
7 Svandís boðar frumvarp um tengda aðila í sjávarútvegi á næsta ári

Þessu tengt…


Ekkert afgangs eftir leikinn við Sádi-Arabíu


Mannréttindadómstóll Evrópu sendir íslenskum dómstólum skýr skilaboð

Fullyrt að stjórnvöld hafi breytt reglugerð til að aðstoða Pussy Riot eftir beiðni Ragnars

Nýjast í skoðun

Þorbjörn Guðmundsson Er íslenska velferðarkerfið ekki lengur griðarstaður þeirra sem minnst hafa?


Takk fyrir og sjáumst á nýjum miðli á föstudag


Sverrir Albertsson Vatn á myllu kölska

Kjarninn


Þorbjörn Guðmundsson
Er íslenska velferðarkerfið ekki lengur griðarstaður þeirra sem minnst hafa?
Kjarninn 11. janúar 2023


Takk fyrir og sjáumst á nýjum miðli á föstudag
Bréf frá ritstjóra Kjarnans vegna sameiningar við Stundina og þess að nýr framsækinn fréttamiðill verður til í lok viku.
Kjarninn 11. janúar 2023

Sverrir Albertsson
Vatn á myllu kölska
Kjarninn 11. janúar 2023


Berjast fyrir þorpi á barmi hengiflugs
Lítið þorp í Rínarlöndum Þýskalands er allt komið í eigu kolarisa. Fyrirtækið ætlar sér að mylja niður húsin og stækka kolanámu sína sem þegar þekur um 80 ferkílómetra. Þetta þykir mörgum skjóta skökku við í heimi sem berst við loftslagsbreytingar.
Kjarninn 10. janúar 2023


Útvarp Saga telur fjölmiðlastyrki skapa tortryggni og bjóða upp á frændhygli
Fjögur fjölmiðlafyrirtæki hafa til þessa skilað inn umsögnum um frumvarp Lilju Alfreðsdóttur menningar- og viðskiptaráðherra, sem mun að óbreyttu framlengja núverandi styrkjakerfi til fjölmiðla.
Kjarninn 10. janúar 2023


Viðræðum slitið og Efling undirbýr verkfallsaðgerðir
Samtök atvinnulífsins hafa hafnað gagntilboði Eflingar um skammtímakjarasamning, sem kvað á um meiri launahækkanir en SA hefur samið um við aðra hópa á almennum vinnumarkaði til þessa. Efling undirbýr nú verkfallsaðgerðir.
Kjarninn 10. janúar 2023


Fánabann og refsiaðgerðir í Palestínu í kjölfar niðurstöðu Sameinuðu þjóðanna
Degi eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum í Ísrael samþykkti allsherjarþing SÞ að fela Alþjóðadómstólnum í Haag að meta lögmæti hernáms Ísraelsríkis á Vesturbakkanum. Síðan þá hefur stjórnin gripið til refsiaðgerða og nú síðast fánabannsins.
Kjarninn 10. janúar 2023

Vilja sjúga sand af hafsbotni í stórum stíl og flytja út
Eftirspurn eftir íslenskum jarðefnum er gríðarleg ef marka má framkomin áform erlendra stórfyrirtækja um nýtingu þeirra. Vinsældir hafnarinnar í Þorlákshöfn eru samhliða mjög miklar.
Kjarninn 10. janúar 2023

FLEIRI FÆRSLUR

Morgunpósturinn Ekki missa af neinu Nánar

tölvupóstfangið þitt
Senda

Meira úr sama flokki Aðsendar greinar Allar greinar


Þorbjörn Guðmundsson
Er íslenska velferðarkerfið ekki lengur griðarstaður þeirra sem minnst hafa?


Sverrir Albertsson
Vatn á myllu kölska


Borghildur Sölvey Sturludóttir
Þegar það snjóaði inn um anddyri Íslands

Meira handa þér frá Kjarnanum

Vísbending
Vikurit um viðskipti, efnahagsmál og nýsköpun handa þér.

Vertu með
Styrktu sjálfstæðan íslenskan fjölmiðil með mánaðarlegu framlagi.

Morgunpósturinn
Morgunpósturinn er fyrir alla sem hafa áhuga á fréttum og þjóðfélagsumræðu. Pósturinn berst alla morgna!

Newsletters
Get the latest on Icelandic politics, business and economics in your inbox

Allur réttur áskilinn © Kjarninn miðlar ehf. 2015